

[Type here]

01/03/2024



UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS – lokamat mars 2024

[Type here]

Umbótaáætlun þessi er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar vorið 2020, fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Flóahrepp. Hér fylgir lokamat á þeirri vinnu sem farið hefur fram undanfarin ár og til vors 2024. Unnið var samkvæmt umbótaáætlun eins og kostur var. Áfram verður unnið að bættu skólastarfi í Flóaskóla samkvæmt umbótaáætlun því fjölmargir þættir eru sífellt í endurmati.

Þáttur 1- Stjórnun og fagleg forysta					
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Stöðumat apríl 2023	Tímarammi/lok	
1.1. Samvirkni í stefnumótun	Vinna sameiginlega skólastefnu sveitarfélags og skóla	Ráðinn verður verkefnastjóri á vegum sveitarfélagsins sem stýrir vinnu við skólastefnu sveitarfélagsins	Skólastaefna sveitarfélagsins er tilbúin og er birt á heimsíðu Flóaskóla og Flóahrepps.	Skólaárið 2020-2021. Lokið	
	Ljúka vinnu við skólanámskrá	Unnið samhlíða vinnu að skólastefnu sveitarfélagsins. Skipaður vinnuhópur	Vinna við skólanámskrá er í gangi en ekki náðist að ljúka þeirri vinnu til að hægt væri að birta námskrá eins og áætlað var. Vinna við námskrá er á lokametrunum og er áætlað að henni ljúki í júní 2023	Skólaárið 2020-2022 Lokið í júní 2023	
1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku, endurskoðun skólanámskrár og skólareglna	Skólaráð fundar reglulega og kemur að stefnumótun og ákvarðanatökum í skólastarfinu. Skólaráð í samstarfi við foreldrafélag leikskólans Krakkaborgar hélt íbúafund um skólamál í febrúar 2020 og er stefnt að áframhaldandi samstarfi til að efla umræðu um skólamál í samfélaginu. Skólaráð setur sér starfs- og vinnureglur samkvæmt reglugerð	Skólaráð fundar reglulega og kemur að stefnumótun og ákvarðanatökum í skólastarfinu. Áhersla er áfram lögð á að efla þátttöku foreldra í skólastarfinu almennt og stefnumótun skólans. Skólaárið 2022 – 2023 hefur skólaráð m.a. endurskoðað tímaviðmið varðandi val nemenda í elstu bekkjum og gert tillögu að breytingum. Auk þess hefur skólaráð sinnt hefðbundnum verkefnum samkvæmt hlutverki þess eins og skilgreint er reglugerð.	Skólaárið 2020-2022 Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun	
	Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram þeirra tillögur og hugmyndir til eflingar skólastarfs				Skólaárið 2020-2022 Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans				Skólaárið 2020-2022

				Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Tilgreina þarf aksturstíma í stundaskrá nemenda	Skilgreint í stundatöflum fyrir haustið 2020 og aksturstími í sund og íþróttir tilgreindur	Í stundaskrá er skilgreindur aksturstími í íþróttir og sund.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Uppfylla tilskilinn kennslustundafjölda nemenda í list- og verkgreinum og vali	Skilgreint í stundatöflum fyrir haustið 2020	Tímaviðmið í stundaskrá voru yfirfarin og endurskoðuð skólaráði. Mikilvægt er að skoða fjölda nemenda í hverjum hóp/árgangi, ef um fjölmenna árganga er að ræða er þörf á að meta hvað kennslustofur rúma marga nemendur og skipta hópnum í list- og verkgreinum samkvæmt því. Er endurskoðað árlega í skólaráði	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Huga þarf að því að aðrir starfsmenn en kennarar hafi aðgang að trúnaðarmanni	Aðrir starfsmenn útnefndu trúnaðarmann í febrúar 2020. Áréttá í upphafi hvers skólaárs	Trúnaður var kjörinn í febrúar 2020	Lokið
	Skrá ferli er snýr að því að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila	Fara yfir og skrá niður hvernig skólinn birtir upplýsingar um árangur og kynna fyrir forráðamönnum, nemendum og öðrum hagsmunaaðilum. Óska eftir samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustu um þróunarverkefni þar sem áherslan er á samstarf heimila og skóla	Verklagsreglur um heimalestur, verkefnavinnu og viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn hafa verið unnar þar sem skilgreint er hlutverk heimilis og skóla í þessum þáttum.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Uppfæra heimasíðu skólans	Ný heimasíða er í vinnslu og verður tilbúin haustið 2020. Samhliða því verða upplýsingar og gögn yfirfarin og leiðrétt	Ný heimasíða er tilbúin	Haust 2020 Lokið

	Móta verlag fyrir nemendur um setu í stjórnnum og ráðum og kynningu ákvarðana/verkefna	Unnið í samráði við umsjónarmann nemendaráðs og nemendaráðið sjálf. Til þess að efla starf nemendaráðs þarf að skilgreindan tíma í stundaskrá	Nemendaráð er kjörið í upphafi skólaárs og er það skipað fulltrúum nemenda í 8., 9. og 10. bekk, tveimur fulltrúum úr hverjum bekk. Tveir nemendur úr nemendaráði sitja í skólaráði og taka þátt í umræðu og ákvarðanatökum varðandi skipulag skólastarfsins. Kennari á eldra stigi hefur umsjón með og vinnur markvisst með nemendaráði.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Í starfsáætlun ætti að koma fram hver aðkoma nemendaráðsins er að skólaráði	Skilgreina í starfsáætlun aðkomu nemendaráðs að skólaráði	Í starfsáætlun er tekið fram að tveir nemendur úr nemendaráði séu fulltrúar nemenda í skólaráði og voru þeir boðaðir á fundi skólaráðs.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
1.6 Starfsmannastjórn un og verkaskipting	Stjórnendur fylgja reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf	Heimsókn stjórnenda í a.m.k. tvær kennslustundir hjá hverjum kennara yfir skólaárið. Útbúið matsblað og endurgjöf veitt að heimsókn lokinni	Þróunar og matsteymi hefur fjallað um skipulag og mat á námi og kennslu. Búið er að útbúa matsblað vegna heimsókna í kennslustundir.	Skólaárið 2020-2021 Lokið skólaárið 2023-2024
	Vinna þarf starfslýsingar fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða	Allar starfslýsingar eru tilbúnar og verða skoðaðar/samþykktar í starfsmannasamtölum	Starfslýsingar stuðningsfulltrúa og skólaliða eru tilbúnar og samþykktar. Starfslýsingar eru kynntar nýjum starfsmönnum þegar þeir hefja starf.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Funda þarf reglulega með öðru starfsfólki en kennurum	Skilgreindur fundatími með öðrum starfsmönnum	Frá og með hausti 2021 verður skipuriti breytt á þann hátt að aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með störfum stuðningsfulltrúa og fundar reglulega með þeim. Skólaárið 2022 – 2023 hefur skólastjóri haft umsjón með þessari vinnu.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
1.7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gera þarf starfsmönnum grein fyrir því hvernig skipurit skólans er uppbyggt og hver sé þeirra næsti yfirmaður	Kynna starfsmönnum skipurit skólans	Skipurit skólans var kynnt fyrir starfsmönnum í upphafi skólaárs.	Skólaárið 2020-2021 Lokið

	Upplýsa þarf starfsmenn um mögulegar leiðir þeirra á að fá handleiðslu vegna sinna starfa	Fá kynningu á kjarasamningum og möguleikum á styrkjum frá stéttarfélögum	Trúnaðarmenn hafa kynnt kjarasamninga fyrir starfsmönnum og haldið þeim upplýstum.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Huga þarf að heilsuefningu starfsmanna	Flóaskóli stefnir að því að verða þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli frá og með haustinu 2020	Flóaskóli er skráður þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli og vinnur samkvæmt þeim verkferlum.	Skólaárin 2020-2024 Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun

Þáttur 2- Nám og kennsla				
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Stöðumat apríl 2023	Tímaáætlun/lok
2.1. Inntak og námskrá	Gera grein fyrir grunnþáttum menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu	Farið skipulega í grunnþætti menntunar á fagfundum og samþættingu við lykilhæfni. Áætlanir um nám og kennslu endurskoðaðar m.t.t. grunnþátta menntunar og lykilhæfni. Lykilhæfni komi fram í öllum kennsluáætlunum. Í upphafi hvers skólaárs fari kennari yfir lykilhæfni og mat á þeim þáttum	Form kennsluáætlana uppfært, allir kennarar setja upp kennsluáætlun fyrir skólaárið á sama formi. Vistað á sameiginlegu drifi kennara. Kennsluáætlanir eru tilbúnar og verða birtar í bekkjarnámskrá sem er í vinnslu. Áætlað er að því verki ljúki í júní 2023.	Skólaárin 2020 – 2022 Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Samræma framsetningu á kennsluáætlunum	Endurskoða og samræma framsetningu kennsluáætlana og birta á heimasíðu	Framsetning kennsluáætlana samræmd á starfsdögum að hausti. Kennsluáætlanir eru jafnframt birtar á Mentor og eru aðgengilegar foreldrum þar.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
2.2. Árangur náms	Huga að lesfimi nemenda sem ekki ná lágmarksviðmiðum	Skilgreina og setja fram markmið um aðgerðir samkvæmt Læsisstefnu Flóahrepps.	Læsissteymi fór yfir niðurstöður lesferils og vann aðgerðaáætlun varðandi þjálfun, stuðning og greiningu. Búið er að vinna verklagsreglur sem segja til um hvernig skólinn bregst við og styður heimilin ef heimalestri er ekki sinnt. Áhersla er lögð á að nemendur hafi lesefni í samræmi við getu.	Skólaárið 2020-2021 Lokið
	Efla trú nemenda á eigin námsgetu	Þjálfar nemendur markvisst í að setja sér raunhæf markmið í námi. Tengja verkefni betur við áhugasvið nemenda og styðja þá í að átta sig á eigin styrkleikum.	Skólaárið 2020 – 2021 var gerð sú breyting að í 4. -6. bekk var tekin upp markviss kennsla í lífleiðni allt skólaárið þar sem unnið er með sjálfstraust, samskipti og líðan nemenda. Í 7. – 10. bekk eru sambærilegir tímar sem kallast áhugasvið og gefst	Er alltaf í vinnslu Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun

		Aukin áhersla á fræðslu og ráðgjöf í samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings	nemendum þar tækifæri til að vinna með og kynna sér efni tengt áhugasviði. Náms- og starfsráðgjafi kemur jafnframt í þessa tíma með náms- og starfsfræðslu. Í ágúst 2021 var námskeið fyrir kennara með áherslu á samskipti og líðan nemenda. Í ágúst 2022 var námskeið fyrir starfsmenn um Uppeldi til ábyrgðar.	
2.3. Gæði kennslu	Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísunum og huga að tengslum áætlana við mat á stöðu nemenda	Fara yfir kennsluáætlanir m.t.t. hvernig námsaðlögun einstakra nemenda eða hópa er háttað í samhengi við markmið aðalnámskrár og gera betur grein fyrir þeim	Kennsluáætlanir voru endurskoðaðar og uppfærðar í upphafi skólaárs 2020-2021. Samræmt form og framsetning. Endurskoðað við lok skólaárs og unnið áfram með sama form næsta skólaár. Einstaklingsáætlanir unnar þar sem við á út frá mati á stöðu nemenda.	Skólaárin 2020 - 2022 Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Gera nemendum ljós markmið og viðmið um árangur	Markmið eru sýnileg í kennsluáætlunum. Kennarar setji fram markmið með hverri námslotu og verkefnum og tengi þau hæfni- og matsviðmiðum. Áhersla á að nýta Mentor og námsmats-/nemendasamtöl	Markmið eru skýr í kennsluáætlun og eru þau jafnframt sýnileg í Mentor. Öllum verkefnum og námslotum gerð skil í Mentor, gert aðgengilegt og kynnt nemendum og foreldrum.	Skólaárið 2020 – 2021 Lokið
	Styrkja betur teymisvinnu kennara með fræðslu og handleiðslu	Áframhald á þróun teymiskennslu með áherslu á aukna fræðslu fyrir starfsfólk. Þemaverkefni og þverfaglegt samstarf milli námsgreina og samkennsla minni árganga	Árgangateymi hafa verið skilgreind og hverjir sitja í hvaða teymi. Samsetning teyma er endurskoðuð í lok hvers skólaárs og viðeigandi breytingar gerðar t.d. út frá fjölda nemenda í árgöngum. Í starfsmannasamtölum 2023 kemur skýrt fram að skilgreina þarf betur hver stýrir teyminu. Huga þarf betur að samstarfi list- og verkgreinakennara. Áfram verður unnið að því að efla þverfaglegt samstarf og þemavinnu milli árganga.	Skólaárin 2020 – 2024 Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun

2.4. Skipulag náms	Nýta námstíma nemenda betur og hafa skýran ramma um kennslustundir og námslotur	Skýra verklag og viðmið við skipulag á kennslustundum og námslotum.	Er í endurskoðun samhliða vinnu við skólanámskrá.	Endurskoðun skólanámskrár Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Huga að því að allir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi	Meta stöðu nemenda reglulega og dreifa verkefnum eftir getu. Útbúa verkefnabanka með aðgengilegum verkefnum út frá hæfniviðmiðum sem gera mismunandi kröfur til nemenda út frá matsviðmiðum	Hafin er vinna við að byggja upp verkefnabanka í útkennslu. Nemendur í 5. – 10. bekk hafa aðgang að Google classroom og setja kennarar þar inn verkefni og áætlanir fyrir nemendur og útbúa verkefnabanka.	Hefst strax og er alltaf í vinnslu Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Auka þarf fjölbreytni í námi og kennsluháttum og leggja áherslu á leiðir sem vekja áhuga nemenda og virkja þá til þátttöku	Þjálfa nemendur markvisst í fjölbreyttum námsaðferðum og gefa þeim kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða verklagi. Leita eftir samstarfi við Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings með stuðning og ráðgjöf við þróun kennsluhátta	Kennarar hvattir til að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat. Þemaverkefni sem unnin eru á eldra stigi endurspegla þá áherslu. Markviss kennsla í lífsleikni og áhugasviði. Haldin hafa verið skólaping með nemendum þar sem m.a. var farið yfir niðurstöður úr Skólapulsinum og hvernig skuli brugðist við niðurstöðum og skoðaðir möguleikar til að efla og þróa skólastarfið.	Skólaárin 2020 – 2024, tengt þróun teymiskennslu Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Auka áherslu á samvinnu nemenda, umræður og skoðanaskipti í námi	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verði nýttar til að efla þennan þátt. Áhersla á að þjálfa nemendum að vinna í hópum. Umræður og skoðanaskipti æfð í lífsleikni og HHH tímum. Halda skólaping einu sinni á ári		Skólaárin 2020 – 2024, tengt þróun teymiskennslu Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Nýta H-H-H tíma markvisst til þess sem þeir eru ætlaðir	Halda áfram þróun H-H-H tíma. Skýra verklag og viðmið við skipulag	Er í endurskoðun í samvinnu við nemendaráð og skólaráð og verður gerð skil í skólanámskrá.	Endurskoðun skólanámskrár

				Skólaárin 2020 – 2024, tengt þróun teymiskennslu Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Huga að því í kjarnatímum að hafa markvissa innlögn fyrir hópa samhliða einstaklingsvinnu	Innlögn í öllum námsgreinum fara jafnt fram í kjarnatímum og skilgreindum kennslustundum greina. Efla þverfaglega samvinnu kennara	Í kjarnatímum er ýmist um að ræða þemavinnu og þverfagleg verkefni eða nemendur vinna sjálfstætt út frá áætlunum og setja sér markmið í námi fyrir hverja viku í samvinnu við kennara.	Skólaárið 2020 - 2021 Lokið
2.5 Námsvitund	Auka ábyrgð og þátttöku nemenda við mat á eigin vinnu og námi	Leggja aukna áherslu á sjálfs- og jafningjamat nemenda. Auka skilning og umræðu um ábyrgð á eigin námsframvindu	Er í skoðun í tengslum við skólanámskrá.	Endurskoðun skólanámskrár. Skólaárin 2020 – 2024, tengt þróun teymiskennslu Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Efla upplýsingagjöf til foreldra um framvindu náms í öllum fögum	Forráðamenn hvattir til að fylgjast reglulega með framvindu náms barna sinna. Aukin fræðsla um Mentor.is fyrir forráðamenn. Endurskoða form á námskynningum	Áhersla hefur verið lögð á aukna virkni í notkun Mentor bæði hjá nemendum og foreldrum.	Skólaárið 2020 – 2021 Lokið

Þáttur 3- Innra mat					
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun/lok	Hvernig metið
3.1. Skipulag	Vinna heildstæða matsáætlun fyrir skólaárið og til lengri tíma þar sem tilgreindir eru þættir sem á að meta, hvernig á að meta og ábyrgðaraðila. Tengja stefnu skólans, viðmiðum um árangur. Gera tímasetta umbótaáætlun þar sem áfram er unnið með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið í innra mati	Innra mat skólans tekið til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2020. Langtímaáætlun mótuð þar sem skilgreint er hvað metið er á hverju skólaári. Stofnað matsteymi skipað fulltrúum starfsmanna. Unnin verður að umbótaáætlun í kjölfar ytra mats með framkvæmdaáætlun. Matsteymi metur framkvæmdaáætlun með reglubundnum fundum á skólaárinu og vinnur skýrslu í lok hvers skólaárs	Skólastjórnendur, matsteymi	Skólaárin 2020-2025	Lokið/ólokið Skýrsla matsteymis í lok hvers skólaárs. Starfandi er matsteymi innra mats og starfar það samkvæmt 3 ára áætlun. Skólaárið 2022 – 2023 var áhersla á jafningjamat kennara. Í skoðun að innleiða matskerfi.
3.2. Framkvæmd	Skipa teymi sem hefur umsjón með innra mati skólans	Setja saman matsteymi allra hagsmunaaðila. Teymið skipað haustið 2020	Skólastjóri	Skólaárið 2020-2021	Lokið
	Nýta markvisst gögn, sem skólinn býr yfir, við innra mat s.s. árangur, kannanir og skimanir. Gæta þarf þess við öflun gagna að leita eftir sjónarmiðum viðeigandi hagsmunaaðila	Innra mat skólans er í þróun og endurskoðun. Unnin verður umbóta- og framkvæmdaáætlun um vinnslu og nýtingu gagna við þróun skólastarfs í samráði við hagsmunaaðila	Skólastjórnendur, matsteymi	Skólaárin 2020-2025	Lokið/ólokið Ársskýrsla skólastjórnenda og skýrsla matsteymis í lok skólaárs. Lokið - Matskýrsla unnin í lok skólaárs.
3.3. Umbætur	Tryggja aðkomu skólaráðs að umræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun	Kynna og ræða umbótaráætlun skólans við hagsmunaaðila og tryggja umræðu um þróun og úrbætur. Kynna	Skólastjórnendur, matsteymi	Skólaárin 2020-2025	Lokið/ólokið Ársskýrsla skólastjórnenda

	skólans. Kynna hagsmunaaðilum niðurstöður innra mats.	hagsmunaaðilum niðurstöður þegar þær liggja fyrir og gera grein fyrir þeim í árskýrslu skólastjórnenda og á heimasíðu skólans			Heimasíða skólans Matskýrsla kynnt og rædd í skólaráði að hausti um leið og starfsáætlun er kynnt.
--	---	---	--	--	---

Þáttur 4- Einstaklingsmiðað nám					
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun/lok	Hvernig metið
	Skrá þarf í áætlunum hvernig einstaklingsmiðað nám nemenda.	Skilgreina kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám og gera því skil í skólanámskrá. Setja fram áætlun um markmið og aðgerðir m.t.t. einstaklingsmiðaðs náms	Skólastjóri og kennarar	Skólaárið 2020 - 2021	Skilgreining og viðmið í skólanámskrá. Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Efla samstarf kennara innan árgangateyma og aðstoða teymin við námsaðlögun.	Í Flóaskóla er verið að innleiða og þróa teymiskennslu og er sú vinna á frumstigi. Haldið verður áfram að þróa það verklag og skilgreina samstarf kennara og stoðþjónustu við námsaðlögun nemenda. Tryggja að í öllum árgangateymum sitji fulltrúi úr stjórnendateymi.	Skólastjóri	Þróun teymiskennslu er skilgreint þróunarverkefni sem áætlað er að vinna skólaárin 2019 – 2024.	Metið í starfsmannakönnun sem er lögð fyrir annað hvert ár. Auk þess metið í starfsannasamtölum og rýnihópum. Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	Sjá til þess að námstíminn nýtist nemendum vel	Kennarar skipuleggja námstíma þannig að tíminn nýtist nemendum sem best. Útbúinn gátlisti fyrir kennara til að leggja mat á kennslu hjá hver öðrum. Útbúinn gátlisti fyrir stjórnendur til að leggja mat á vinnu kennara (undirbúning, skipulag og framkvæmd kennslu). Stofnað matsteymi innan skólans skipað fulltrúum kennara og stjórnenda	Skólastjórnendur og kennarar	Kennarar rýna reglulega eigið starf, á fagfundum og í árgangateymum, með umbætur að leiðarljósi. Gátlistar tilbúnir vor 2021. Matsteymi taki til starfa skólaárið 2020 – 2021.	Stjórnendur veita aðhald og koma reglulega í heimsókn í kennslustundir. Kennarar heimsækja hver annan í kennslustundir og leggi mat á kennslu. Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun

	Eftirlit kennara með námsframvindu þarf að vera markviss	Meta stöðu nemenda reglulega m.t.t. aðgerða um árangur og markmið Öll verkefni og mat á þeim skráð í Mentor og tengd við hæfniviðmið. Það auðveldar yfirsýn allra á námsframvindu nemenda. Árgangateymi skipuleggja einn fund í mánuði þar sem farið er yfir námslega stöðu og líðan nemenda	Kennarar	Skólaárið 2020 - 2021	Fundagerðir árgangateyma Skráningar í Mentor Lokið - Árgangateymi nemenda reglulega á fundum. Markviss skráning upplýsinga í Mentor
	Huga að því að allir nemendur fái ögrandi verkefni við hæfi	Meta stöðu nemenda reglulega og dreifa verkefnum eftir getu. Útbúa verkefnabanka með aðgengilegum verkefnum út frá hæfniviðmiðum sem gera mismunandi kröfur til nemenda út frá matsviðmiðum	Kennarar	Hefst strax og er alltaf í vinnslu.	Fylgt eftir á fundum árgangateyma og í námsmatsviðtölum. Lokið – er alltaf í vinnslu og endurskoðun
	<u>Kjarnatímar:</u> -Við skipulag kjarnatíma þarf að sjá til þess að greinakennara séu allir við kennslu í þeim kennslustundum -Skipulag kjarnatímanna þarf að vera vel rammað inn og öllum ljóst -Huga þarf að því að markviss kennsla með tilliti til námsframvindu allra nemenda eða nemendahópa fari fram í kjarnatímum	Verklag er í mótun og er partur af þróun teymiskennslu. Endurskoða skilgreiningu og verklag við kjarnatíma t.d. við stundatöflugerð, þverfaglegt samstarf, kennslulotur og áætlanagerð nemenda. Skilgreina og þróa kennsluhætti, eftirfylgd með námsframvindu nemenda og námsmat	Skólastjóri og kennarar í árgangateymi á eldra stigi	Skólaárin 2020 - 2022.	Rýnihópaviðtöl við kennara og nemendur í kjarnatímum. Lokið - allataf í vinnslu og unnið að áframhaldandi þróun á verklagi og árangur metinn reglulega.
	Huga þarf að því að veita foreldrum góðar upplýsingar um skipulag náms og kennslu sem og námsframvindu barna sinna	Kennarar hvetja forráðamenn til að fylgjast reglulega með skipulagi og framvindu náms barna sinna á Mentor.	Skólastjóri, ritari og kennarar	Skólaárið 2020 - 2021	Lokið

		Aukin fræðsla um Mentor fyrir forráðamenn.			
--	--	--	--	--	--